

REGLUR

um val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri skólaárið 2001–2002.

Fjöldi þeirra nemenda, sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild, miðast við grunntöluna 32.

Við val á þessum nemendum verður beitt eftirfarandi reglum:

1. Prófað verður úr öllum þeim námskeiðum sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Nemendur verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

2. Prófað verður úr fimm námsleiðum. Vægi þeirra er sem hér segir:

Hjúkrunarfræði I (3 ein.)	20%
Líffærafræði I (2 ein.)	15%
Vefja- og frumulíffræði (4 ein.)	25%
Heimspeki (3 ein.)	20%
Sálfræði (3 ein.)	20%

Heildareinkunn úr hverju námskeiði skal reiknuð í heilum tölum frá 1-10. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í *numerus clausus* er vegið meðaltal úr einstökum námskeiðum og skal hún gefin upp með tveimur aukastöfum. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun nemenda varðandi áframhaldandi nám.

3. Skipa skal prófdómara skv. reglum sem um þá gilda (sbr. 18. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. desember 1999) fyrir allar prófgreinar samkeppnisprófsins. Heildareinkunn í námskeiði er gefin í heilum tölum og er meðaltal einkunna kennarans og prófdómarans. Einkunnir kennara og prófdómara skulu gefnar upp með einum aukastaf.

4. Að einkunnum kunngerðum, skv. lið 3, fer engin endurskoðun fram á þeim á vegum heilbrigðisdeildar.

5. Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið.

6. Þeim nemendum, sem ná prófum í öllum námsgreinum haustmisseris 1. námsárs, er raðað eftir lækkandi heildareinkunn. Nemandi telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5 minnst. Ef tveir eða fleiri nemendur eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.

7. Verði niðurstaða úr prófum slík, að ekki nái 32 nemendur lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum, skal þeim sem þess óska gefinn kostur á að þreyta endurtökupróf í þeim námskeiðum þar sem lágmarkseinkunn náðist ekki. Endurtökupróf þessi skulu fara fram svo fljótt sem allar einkunnir samkeppnisprófa liggja fyrir. Þeim nemendum sem standast endurtökupróf er síðan raðað eftir lækkandi heildareinkunn.

8. Segi nemandi, sem öðlast hefur rétt til setu á vormisseri 1. námárs, sæti sínu lausu innan tveggja vikna frá upphafi vormisseris, skal þeim sem hæsta meðaleinkunn hefur meðal brottfallinna nemenda boðið sætið, svo fremi að viðkomandi nemandi hafi staðist öll próf.

9. Nemandi sem ekki hefur aflað sér réttar til setu á vormisseri skv. ofangreindum reglum telst ekki skrásettur nemandi í deildinni (sbr. 16. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. desember 1999).

10. Háskólaráði er heimilt, í sérstökum tilvikum, að veita undanþágur frá reglum þessum að fengnum tillögum deildarfundar heilbrigðisdeildar.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 5. mars 2001.

Háskólanum á Akureyri, 5. mars 2001.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Jóhann Örlygsson
ritari háskólaráðs.